

Aðalfundargerð

Aðalfundur Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu 2022 var haldinn á skrifstofu Rangárþings eystra að Austurvegi 4, fimmtudaginn 7. júlí kl. 13:00.

Mætt eru með umboð fyrir sín sveitarfélög: Einar Freyr Elínarson f.h. Mýrdalshrepps, Kristín Hreinsdóttir f.h. Ásahrepps, Tómas Birgir Magnússon f.h. Rangárþings eystra, Sandra Brá Jóhannsdóttir f.h. Skaftárhrepps og Margrét Harpa Guðsteinsdóttir f.h. Rangárþings ytra.

Að auki sátu fundinn Lilja Einarsdóttir, formaður stjórnar, Brynja Jóna Jónasdóttir, Svava Davíðsdóttir félagsmálastjóri, Þórunn Jóna Hauksdóttir forstöðukona skólaþjónustunnar og Berglind Hákonardóttir frá PWC

Lilja Einarsdóttir, formaður stjórnar, leitaði eftir athugasemdum við fundarboð, sem ekki komu fram, setti fund og stjórnaði honum.

Einar Freyr Elínarson ritaði fundargerð.

Formaður lagði til að liðir 2 og 6 í útsendri dagskrá yrðu teknir saman til umræðu á fundinum. Ekki voru gerðar athugasemdir við það.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar/deilda og staðfesting ársreikninga

Berglind Hákonardóttir frá PWC fór yfir ársreikninga byggðasamlagsins.

Svava Davíðsdóttir félagsmálastjóri flutti ársskýrslu fyrir félagsþjónustuna.

Þórunn Jóna Hauksdóttir forstöðukona flutti ársskýrslu fyrir skólaþjónustuna.

Ekki voru gerðar athugasemdir við ársskýrslur eða ársreikningana. Ársreikningarnir voru bornir upp til atkvæða og þeir samþykktir samhljóða.

2. Breytingar á samþykktum og stjórnskipulagi byggðasamlagsins

Formaður stjórnar kynnti og las yfir tillögur að breytingum á samþykktum og stjórnskipulagi byggðasamlagsins. Tillögurnar fela í sér að þær tvær deildir byggðasamlagsins sem nú starfa verða sameinaðar að nýju og munu lúta stjórn eins og sama framkvæmdastjóra. Vegna breytinga sem verða á barnavernd verður félagsmálanefnd lögð niður og eftirstandandi verkefni hennar falin stjórn byggðasamlagsins sem mun aukinheldur veita faglegan stuðning vegna skólaþjónustu og hafa yfirumsjón með rekstri byggðasamlagsins.

Tillaga um breytingar á samþykktum byggðasamlagsins, sem grundvallaðar voru á tillögu um breytingar á stjórnskipulagi þess, voru bornar upp til atkvæða og þær samþykktar. Fundurinn var sammála um að ný stjórn og framkvæmdastjóri myndu ljúka við gerð skipurits byggðasamlagsins.

Samþykktirnar verða senda aðildarsveitarfélögum byggðasamlagsins þar sem þær skulu teknar til tveggja umræðna.

3. Kjör stjórnar og varastjórnar

KH. UHG KE
SA
TBV

Borist höfðu tilnefningar að eftirtöldum aðilum í stjórn:

Aðalmenn: Tómas Birgir Magnússon, Rangárþing eystra
Kristín Hreinsdóttir, Ásahreppur
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Rangárþing ytra
Einar Freyr Elínarson, Mýrdalshreppur
Sveitarstjóri Skaftárhrepps (ráðningarferli er yfirstandandi)

Varamenn: Anton Kári Halldórsson, Rangárþing eystra
Helga Björg Helgadóttir, Ásahreppur
Þróstur Sigurðsson, Rangárþing ytra
Þorgerður H. Gísladóttir, Mýrdalshreppur
Sverrir Gíslason, Skaftárhreppur

Tillagan var borin upp til atkvæða og hún samþykkt samhljóða.

4. Kosning löggilts endurskoðanda

Gerð var tillaga að því að Pricewaterhouse Coopers sjá um endurskoðun fyrir byggðasamlagið. Samþykkt samhljóða.

5. Ákvörðun um laun stjórnar

Gerð var tillaga að því að laun stjórnar fyrir hvern fund verði 2% af þingfararkaupi fyrir almenna fulltrúa og 4% fyrir formann stjórnar. Samþykkt samhljóða.

6. Önnur mál

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Fráfarandi formaður þakkar stjórn og starfsfólki byggðasamlagsins fyrir samstarfið. Fleira var ekki rætt á fundinum og honum slitið kl: 15:15.

F.h. Skaftárhrepps

Jandra Brá Jóhannsdóttir

F.h. Mýrdalshrepps

Þóroddur Magnússon

F.h. Rangárþings eystra

Þómas B. Magnússon

F.h. Rangárþings ytra

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

F.h. Ásahrepps

Kristín Hreinsdóttir

Þómas B. Magnússon
Ólafur Þorvaldsson
Ellyr Einarsson